

6. mál Aukakirkjuþing 2021
Flutt af forsætisnefnd kirkjuþings

**Þingsályktun um ákvörðun launa og annarra starfskjara
biskups Íslands og vígslubiskupa.**

Aukakirkjuþing 2021 samþykkir að kjaranefnd kirkjunnar ákvarði laun og önnur starfskjör biskups Íslands og vígslubiskupa. Við ákvarðanir þessar skal kjaranefnd kirkjunnar hafa til viðmiðunar þróun launa á almennum vinnumarkaði og umfang starfanna. Einnig skal litið til breytinga á launum presta samkvæmt kjarasamningi milli Prestafélags Íslands og Þjóðkirkjunnar - Biskupsstofu svo og breytinga á launum opinberra starfsmanna.

Pegar kjaranefnd kirkjunnar ákvarðar laun og önnur starfskjör biskups Íslands og vígslubiskupa aflar nefndin af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og upplýsinga. Í því skyni getur nefndin óskað eftir skýrslum, munnlegum og/eða skriflegum til að tryggja fagleg vinnubrögð, að mál séu hæfilega rannsökuð áður en ákvarðanir eru teknar og að þeir sem ákvarðanir beinast að komi sjónarmiðum sínum að. Nefndin getur og heimilað málsaðilum að reifa mál sitt fyrir kjaranefndinni.

Kjaranefnd kirkjunnar skal meta árlega hvort tilefni sé til breytinga á launum biskups Íslands og vígslubiskupa.

Nefndarálit allsherjarnefndar

Allsherjarnefnd hefur fjallað málið. Nefndin telur eðlilegt að kjaranefnd kirkjunnar úrskurði um laun biskups Íslands og vígslubiskupa.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

breytingartillögu:

Í stað orðsins „forsætisnefnd“ í tillögunni komi í viðeigandi falli: kjaranefnd kirkjunnar